

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings.

1. gr.

Ákvæði 7. mgr. 3. gr. fellur brott.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

3. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 6. gr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. 13. gr. og „heilbrigðisnefndir“ í 2. mgr. 13. gr., kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

5. gr.

Ákvæði 14. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Sveitarstjórnnum ber að senda upplýsingar um niðurstöður mælinga á umhverfisgæðum til Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar, séu slíkar mælingar framkvæmdar á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. og 1. og 20. tölul. 5. gr. laganna. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarstjórna.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026